

22. stjórnarfundur, símafundur haldinn 22. október 2009 kl. 15:00

Mætt: Anna Kristín Ólafsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Hjalti Þór Vignisson, Böðvar Pétursson, Ólöf Ýrr Atladóttir, Þórunn Pétursdóttir og Þórður H. Ólafsson.
Boðuð forföll: Magnús Tumi Guðmundsson.

1. *Samþykkt dagskrár*

- Samþykkt

2. *Samþykki fundargerðar 21. Stjórnarfundar 29. september 2009*

- Bíður næsta fundar

3. *Rekstrarmál 2009*

Miðað við fyrstu vísbendingar um niðurstöður í 9 mánaða rekstraruppgjöri er ekkert bendir til annars en rekstrarniðurstaða ársins verði innan þess rekstrarramma, sem lagt var upp með. Ljóst er að sértekjur verða nokkru hærri en gert var ráð fyrir, en á móti hafa útgjöld hækkað.

4. *Framkvæmdir 2009*

- Gestastofa á Skriðuklaustri
Þó svo að verkið sé sem stendur heldur á eftir tímaáætlun er ekkert sem bendir til annars en að því ljúki innan þess tímaramma sem lagt var upp með í upphafi verks og að gestastofan verði opnuð í júní 2010.
- Blágil
Samið hefur verið við verktaka á Kirkjubæjarklaustri um jarðvinnu og steypu á sökklum, sem stefnt er að ljúki áður en lokast inn á svæðið vegna snjóá.

5. *Frumvarp til fjárlaga 2010*

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010 liggur nú fyrir. Varðandi rekstrarhliðina (1.01) þá er þar ekki sú lagfæring á rekstrargrunninum sem vænst var, en þess er vænst að sá vandi verði skoðaður áfram og er beðið 2. umræðu.

Varðandi framkvæmdahliðina (6.41) þá hefur hún tekið skerðingu sem nemur 30,7 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaganna 2009 er inni heimild til millifærslu af 1.01 yfir á 6.41.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun/atvinnustefna í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð

- Lögð fram tillaga frá Alta að verkferli við mótun verndaráætlunar og atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs, þar sem stefnt er á mótun heildarsýnar vegna uppbyggingar þjóðgarðsins.

Stefnumótunin snýst m.a. um:

- Leiðarljós og meginmarkmið þjóðgarðsins, sem stjórn þjóðgarðsins mótar í samvinnu við hagsmunaaðila.
 - Þá verndaráætlun sem ráðgjafar gera tillögu um í samvinnu við svæðisráð þjóðgarðsins.
 - Atvinnustefnu sem unnin verður að frumkvæði svæðisráða á hverju svæði í samvinnu við ráðgjafa stjórnar um heildarstefnumótun, ráðgjafa við gerð verndaráætlunar, sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga o.fl.
- Ákveðið að haldinn verði samráðsfundur ráðgjafa stjórnar, svæðisráða, starfsmanna og ráðgjafa við gerð að verndaráætlunar ýmsum hagsmunaaðilum, landeigendum, náttúruvísindamönnum ofl. Stefnt er að því að sá fundur geti orðið t.d. 6. nóv. n.k. Ákveðið að Alta hafi umsjón með þeim fundi.
 - Stefnt skal að því að stefnumótun fyrir Vatnajökulspjóðgarð ljúki eigi síðar en 7. júní 2010.

7. Önnur mál

- Viðhorfskönnun (í síma) meðal sveitarstjórnarmanna og aðila sem koma að málefnum atvinnu- og byggðapróunar innan þeirra sveitarfélaga sem liggja að Vatnajökulspjóðgarði.

Kynnt var tilboð um slíka könnun.

- Ákveðið að fresta slíkri könnun fram yfir áramót.

- Hugmyndir um að kann tengingu Vatnajökulspjóðgarðs við Geotourism.(BP)
 - Ákveðið að fresta umræðu til seinni tíma.
- Hugmyndir um stækkun þjóðgarðsins á Vestursvæði (EHV)

Kynntar vöru hugmyndir sveitarstjórnar og heimamanna um stækkun þjóðgarðsins í kringum svæðin við Langasjó og Eldgjá.

Svæðisráð Vestursvæðis hefur komið á undirbúningsnefnd um málið undir forystu þjóðgarðsvarðar á Vestursvæði, sem ætlað er að skili inn fyrstu tillögum um miðjan des.

- Heimasíða

Nýjar tillögur um framhald munu liggja fyrir á næsta stjórnarfundi.

8. Næsti stjórnarfundur

Fundi slitið kl.16:30
301009 ÞHÓ